

Nd.

142. Nefndarálit

[83. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Félagsmálaráðuneytið hefur óskað þess, að heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytti frv. þetta, og hefur meiri hluti nefndarinnar fallizt á að verða við þeim tilmælum og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Ég varð ein nefndarmanna í minni hluta, andvíg frumvarpinu í heild, þótt í því finnist ákvæði, sem ég tel mikla réttarbót að, þ. e. 4. lið 1. gr., er kveður svo á, að tryggingastofnuninni skuli vera heimilt að greiða giftum konum sjúkrabætur á árinu 1949, þótt þær vinni ekki utan heimilis. Á hinn bóginn er ég á móti megintilgangi frv., sem er sá að fresta enn um eins árs bil, að III. kafli l. um almannatryggingar komi til framkvæmda, en sá þáttur laganna fjallar um heilsugæzlu og er því mikilsvert, bæði frá sjónarmiði heilsufræði og félagshátta, að hann taki gildi jafnskjótt og lög standa til, 1. jan. 1949. Ég tel því óráðlegt að samþykkja frv. þetta og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1948.

Katrín Thoroddsen.